



MINNISBLAÐ

FIMLEIKAHÚS, ÁKVÖRÐUN UM STAÐSETNINGU

Almennt:

Fimleikafélag Akraness hefur ítrekað óskað eftir bættri fimleikaaðstöðu, nú síðast með bréfi dags. 1. september 2016. Í framkvæmda- og fjárfestingaáætlun fyrir árið 2017, sem samþykkt var í bæjarstjórn 13. desember 2016, er gert ráð fyrir byggingu fimleikahúss á árunum 2017-2018. Í því tilliti hefur verið rætt um tvær staðsetningar þ.e. annars vegar á lóð við hlið íþróttahússins á Vesturgötu og hins vegar á Jaðarsbökkum milli núverandi vallarhúss og Akraneshallar.

Nokkrir fundir hafa farið fram um málefnið. Fyrsti fundurinn var haldinn 5. desember 2016 og voru fulltrúar bæjarráðs, skipulags- og umhverfisráðs, skóla- og frístundaráðs og aðildarfélaga í A viðstaddir þann fund. Á þeim fundi var rætt um framtíðarupþbyggingu íþróttamannvirkja sem og einnig um nýtt fimleikahús. Þann 9. janúar 2017 var annar fundur haldinn með bæjarkfulltrúum um málefnið og þann 9. febrúar var haldinn kynningarfundur fyrir íbúa sem búa í næsta nágrenni við íþróttahúsið á Vesturgötu en þann fund sátu einnig sátu einnig sviðsstjórar skipulags- og umhverfissviðs og skóla- og frístundasviðs, skólastjóri Brekkubæjarskóla og forstöðumaður íþróttamannvirkja.

Rök fyrir þörf á nýju fimleikahúsi eru m.a. eftirfarandi:

Iðkendum fimleikafélagsins hefur fjölgað gríðarlega milli ára og eru í dag skráðir 550 iðkendur í féluginu og þar af eru um 225 keppnisiðkendur. Fimleikafelagið er með aðstöðu í íþróttahúsinu á Vesturgötu en hefur einnig haft til afnota bráðabirgðahúsnæði að Dalbraut 6. Íþróttahúsið við Vesturgötu uppfyllir ekki þörf á fjölda aðgengilegra æfingartíma miðað við fjölda iðkenda og aðra hópa sem eru að nýta húsið (sjá fylgiskjal 1 um nýtingu á íþróttahússins). Jafnframt uppfyllir íþróttahúsið ekki skilyrði um ýmis atriði sem nauðsynleg eru til fimleikaiðkunar þ.m.t. stökkgryfju og þar sem húsið er ekki sértækt fimleikahús þarf að færa til þungan búnað fyrir og eftir hvern fimleikatíma.

Haustið 2015 fékk fimleikafelagið húsnæði Akraneskaupstaðar að Dalbraut 6 til tímabundinna afnota. Í bréfi fimleikafélagsins til bæjaryfirvalda dags. 1. september 2016, er bent á að





húsnæðið að Dalbraut sé ekki boðlegt æfingarhúsnæði og er á undanþágu frá Heilbrigðiseftirliti Vesturlands. Einnig er það áhyggjuefni félagsins að elstu og færustu iökendur þurfa e.t.v. á einhverjum tímapunkti að sækja æfingar til annarra félaga eða hætta æfingum hjá FIMA vegna aðstöðuleysis.

Staðsetning á nýju fimleikahúsi:

Töluluverð umræða hefur skapast um staðsetningu nýs fimleikahúss og eru skiptar skoðanir um málið. Skólayfirvöld í Brekkubæjarskóla hafa bent á að það væri mikil lyftistöng fyrir skólann að fá fimleikahús í nágrennið og að sama skapi hafa forsvarsmenn íA bent á mikilvægi þess að halda áfram uppbyggingu íþróttamannvirkja á Jaðarsbökkum.

Valkostur 1, staðsetning við Vesturgötu:

- Húsið fellur vel að núverandi íþróttahúsi. Hægt er að samnýta búningsklefa sem er mikill kostur þar sem um dýr rými er að ræða í nýbyggingu. Ljóst er hinsvegar að núverandi búningsrými þarfnaðs viðhalds sem yrði þá farið í samhliða framkvæmd við fimleikahús.
- Þekja á annarri hæð í núverandi íþróttahúsi er nýtt undir skólafrístund. Möguleiki væri á að nýta hana jafnframt sem aðstöðu fyrir þá sem væru að fylgjast með æfingum og keppni hvort heldur væri í eldra íþróttahúsi eða fimleikasalnum þar sem æfingarnar eru haldnar eftir að skóladegi og frístund lýkur og um helgar. Möguleiki er á því að þessi framkvæmd, ef vilji væri til, yrði gerð eftir að fimleikhúsið væri komið í notkun.
- Bílastæði á svæðinu eru um 70 þar af um 28 stæði við Brekkubæjarskóla. Möguleiki er á viðbótarstæðum vestan megin við Háholt, hugsanlega allt að 30 stæðum. Eins hefur verið horft í möguleika á að gera hluta lóðar nr. 119 við Vesturgötu sem bílastæði en ekki hefur verið rætt við lóðarhafa á þessari stundu. Eftirspurn eftir bílastæðum mun væntanlega aukast m.t.t. þess að með komu nýs fimleikahúss losnar um tíma í eldra húsinu um allt að 50%.
- Sýnilegar klappir eru að hluta til undir hússtæði við fyrirhugað fimleikahús. Nauðsynlegt er að skoða lóðina m.t.t. þess til að meta bæði hugsanlegan kostnað og rask sem gæti orðið vegna klapparlosunar.





- Horft hefur verið til þess að það myndi styrkja búsetu og skólastarf á neðri Skaganum ef af þessari uppbyggingu yrði.
- Ef af yrði þyrfti að breyta deiliskipulagi á svæðinu.
- Áætlaður kostnaður við byggingu 1.410 m^2 fimleikahúss við Vesturgötu gæti verið um 450 millj.kr. Eftir er að meta kostnað við lagfæringu búningsklefa og hugsanleg áhrif klappar. Hér er ekki reiknað með kostnaði vegna breytinga á þekju á 2. hæð í núverandi íþróttahúsi til að þjóna þeim aðilum sem vilja fylgjast með æfingum og keppni í íþróttasölunum sitthvorum megin við þekjuna.

Valkostur 2, fimleikahús á Jaðarsbökkum:

- Sú hugmynd sem nú liggur fyrir um fimleikahús á Jaðarsbökkum er hús með kjallara undir. Húsið yrði á milli núverandi vallarhúss og Akraneshallar. Í kjallara yrði m.a. búninga- og geymsluaðstaða sem nýtast myndi m.a. þeirri starfsemi sem tengist Akraneshöll, æfingasvæðum og aðalvelli á Jaðarsbökkum. Fimleikahúsið yrði reist ofan á kjallara jafnframt því sem útbúnar yrðu tengingar við núverandi vallarhús vegna anddyris og líkamsræktaraðstöðu.
- Með framkvæmdinni yrði því komið til móts við fleiri aðila og þarfir en þær sem snúa beint að fimleikahúsi. Hinsvegar liggur fyrir, samkvæmt fyrstu kostnaðarhugmyndum, að kostnaður við kjallara gæti verið um 500 millj.kr og uppbyggingin ofan á hann ásamt tengingum við vallarhús og annarri aðstöðu yrði um 600 millj.kr til viðbótar.
- Ekki eru líkur á að breyta þyrfti deiliskipulagi vegna ofangreindrar uppbyggingar en skoða þarf þann þátt nánar.
- Ljóst er að að huga þyrfti að bílastæðamálum sem sama hætti og þarf á Vesturgötu. Benda má á í þessu samhengi að bílastæði austan við Akraneshöll er ekki mikið nýtt sem stendur.
- Horft hefur verið til þess að kostur sé að sem mest af íþróttastarfini sé á einum stað jafnframt því sem fimleikahús gæti styrkt skólastarf í Grundaskóla.






Akraneskaupstaður

Framhald:

Í ljósi þeirrar aðstöðu sem fimleikafélagið býr við er mikilvægt að sem fyrst verði tekin ákvörðun um staðsetningu fimleikahúss.

Kosturinn er annarsvegar sá að reisa fimleikahúsið við Vesturgötu þar sem kostnaður er af stærðargráðunni 450 millj.kr eða hinsvegar við Jaðarsbakka þar sem áætlaður kostnaður framkvæmda er metin sem 1.100 millj.kr með viðbótaraðstöðu sem ekki tengist fimleikahúsi beint.

Akranesi 16. febrúar 2017



A handwritten signature in blue ink, reading "Sigurður Páll Harðarson". The signature is written in a cursive style with a horizontal line underneath it.

Sigurður Páll Harðarson

sviðsstjóri skipulags- og umhverfissviðs

